

**Um skilyrði lögvarinna hagsmuna í
einkamálaréttarfari og þau tilvik er þeir kunna að
hafa liðið undir lok**

-BA ritgerð í lögfræði -

Kristján Jónsson

**Lagadeild
Félagsvísindasvið
Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir hdl.
Júní 2011**

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	4
2 Lögvarðir hagsmunir	5
2.1 Hugtakið lögvarðir hagsmunir	5
2.1.2 Lögvarðir hagsmunir í rétti annarra ríkja	6
2.1.3 Hliðstæð hugtök í bandarískum rétti	7
2.2 Ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu	8
2.3 Tengsl við lögspurningar	9
3 Skilyrði lögvarinna hagsmuna	10
3.1 Raunverulegur ágreiningur	10
3.2 Eðli og tengsl	12
3.3 Áhrif á réttarstöðu	15
4 Lögvarðir hagsmunir liðnir undir lok	16
4.1 Ágreiningur líður undir lok	16
4.1.1 Dómkröfur að fullu greiddar	17
4.1.2 Ný ákvörðun tekin í samræmi við kröfu sóknaraðila	17
4.1.3 Aðili fellur frá réttindum	18
4.1.4 Réttindi viðurkennd	18
4.1.5 Samskuldari áfrýjanda fullnægir skyldu	19
4.1.6 Úrskurður felldur úr gildi	19
4.2 Hindranir sem koma í veg fyrir að dómur hafi áhrif á réttarstöðu	20
4.2.1 Tími	20
4.2.1.1 Tímabil liðið	20
4.2.1.2 Úrskurður þegar framkvæmdur	22
4.2.2 Lagasetning	23
4.2.3 Aðstæður breytast	24
4.3 Geta lögvarðir hagsmunir sem liðið hafa undir lok raknað við?	24
5 Niðurlag	25
Heimildaskrá	27
Dómaskrá	28

1 Inngangur

Það er grundvallarskilyrði í réttarfari að aðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar.¹ En hverjir eru þessir lögvröðu hagsmunir og hvernig er metið hvort að þetta skilyrði sé uppfyllt? Það hljóta að vera til einhver skilyrði sem almennt er hægt að styðjast við þegar metið er hvort að lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi, ekki getur verið að slíkt mat sé einfaldlega handahófskennt. Ef til eru skilyrði lögvarinna hagsmuna, þá vaknar spurningin hvort þessi skilyrði geti á einhverjum tímapunkti fallið brott og lögvarðir hagsmunir því liðið undir lok. Hvernig kröfugerð er háttáð getur skipt mjög miklu máli í því mati hvort lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi, enda er bara tekin afstaða til þess hvort aðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar eins og þær eru úr garði gerðar í hverju máli.

Í ljósi þess að 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir skammstöfuð stjskr.) tryggir öllum rétt til þess að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur hvernig getur staðist að sá réttur sé takmarkaður á grundvelli þessa ólögsmæltá og óskýra skilyrðis? Ekki getur það þó verið æskilegt að slíkur réttur sé óheftur og að menn hafi ótakmarkaðan aðgang að dómstólum. Ef svo væri gætu aðilar borið undir dómstóla hvaða mál sem er þó svo að úrlausn þess hefði enga raunverulega þýðingu fyrir réttindi þeirra eða skyldur. Aðilar gætu borið undir dómstóla mál þó svo að þeir hefðu ekki beinan eða réttarlegan hag af úrlausn þess og því fengið dóm sem myndi binda þá er hefðu beinna hagsmuna að gæta.² Það væri ekki tæk niðurstaða að leyfa slíka íhlotun í réttindi og skyldur annarra. Ekki væri það heldur æskilegt að eyða tíma og verðmætum í úrlausn ímyndaðra tilvika sem hefðu enga raunverulega eða áþreifanlega þýðingu. Slíkir dómur myndu ekki þjóna neinum öðrum tilgangi en að vera álit um lögfræðileg efni. Það er því nauðsynlegt að þessi aðgangur manna að dómstólum sæti skynsamlegum takmörkunum.

Það er markmið þessarar ritgerðar að gera grein fyrir umfangi þessara skynsamlegu takmarkana sem felast í skilyrðum lögvarinna hagsmuna. Þau skilyrði virðast lúta í fyrsta lagi að því hvort að til staðar sé raunverulegur ágreiningur, í öðru lagi að eðli og tengslum réttindanna og skyldnanna sem ágreiningurinn lýtur að og í þriðja lagi hvort að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila. Lögvarðir hagsmunir teljast vera fyrir hendi, séu þessi þrjú skilyrði uppfyllt. En séu þau ekki til staðar eða skilyrðin fallið brott undir gangi máls þá teljast lögvarðir hagsmunir ekki vera fyrir hendi. Fjallað verður stuttlega um hugtakið í réttum annarra ríkja auk þess tengsl hugtaksins við 70. gr. stjskr. og lögspurningar. Lítið verður svo til dóma Hæstaréttar þar sem lögvarðir hagsmunir eru sérstaklega til umfjöllunar, gerð verður

¹ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117.

² Ólafur Jóhannesson: *Stjórnarfarsréttur*, bls. 322-323.

frekari grein fyrir skilyrðunum og þegar að lögvarðir hagsmunir hafa verið taldir liðnir undir lok og reynt að greina hvaða skilyrði teljast ekki lengur uppfyllt sem hafa leitt til þeirrar niðurstöðu.

2 Lögvarðir hagsmunir

2.1 Hugtakið lögvarðir hagsmunir

Það hefur lengi verið talið skilyrði í íslenskum rétti að stefnandi sýni fram á að hann hafi beinan og réttarlegan hag af því að dómur kveði á um skyldu hans.³ Skilyrði viðurkenningardóma hefur til að mynda verið talið það að það skipti sóknaraðila máli að lögum að fá dóm, eða að eiga „lögmætra hagsmuna að gæta“ og þekkist það á Norðurlöndunum sem „retlig interesse“.⁴ Þó svo að þetta skilyrði sé hvergi lögfest, hefur það verið talið grundvallarskilyrði fyrir því að dómstólar felli dóm um kröfur aðila að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni.⁵ Spurningin um lögvarða hagsmuni vaknar þegar talið er að þeir séu ekki fyrir hendi. Höfði aðili mál til heimtu skaðabóta vegna háttsemi annars sem valdið hefur honum tjóni, þá hefur hann að sjálfsögðu lögvarða hagsmuni enda tjónið áþreifanlegt og tengslin augljós. Möguleg réttaráhrif eru svo þau að hann myndi eiga bótakröfu og réttarstaða hans að því leyti breytt. En sé til dæmis verið að óska viðurkenningar á réttindum, vaknar spurningin um lögvarða hagsmuni þar sem óljóst getur verið um tengslin við þessi réttindi og hvaða áhrif slíkur dómur hefði á hagsmuni aðila.

Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála (hér eftir skammstöfuð eml.) gera ráð fyrir tilvist hugtaksins. Ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 25. gr. laganna veita heimild til þess að fá viðurkenningardóm fyrir réttindum, en þó háð því skilyrði að aðili hafi lögvarða hagsmuni af öflun slíks dóms.⁶ Í athugasemdum með þessari grein í frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum er engin sérstök skýring gefin á þessu skilyrði né skýring á hugtakinu sjálfu.⁷ Verður því að telja að markmiðið hafi verið að dómstólar myndu móta þetta skilyrði í réttarframkvæmd sinni. Það virðist ef til vill einfalt, þetta skilyrði að aðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar, en við mat á því hvort að þetta skilyrði sé fyrir hendi koma til álita enn fleiri skilyrði og spurningar. Því er handhægt að hafa svona stutt nafn fyrir þessi skilyrði.⁸

En hvað eru lögvarðir hagsmunir? Orðabók menningarsjóðs skilgreinir orðið hagsmunir

³ Einar Arnórsson: *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 242.

⁴ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II.hefti*, bls. 232.

⁵ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 117.

⁶ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 118.

⁷ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 1077.

⁸ Bernhard Gomard og Michael Kistrup: *Civilprocessen*, bls. 418.

sem þarfir, hagur eða nauðsyn.⁹ Orðið hagsmunir er því mjög víðtækt, en menn geta haft hagsmuni af mjög miklu og væri í raun merkingarlaust að gera það að skilyrði að menn hefðu einungis „hagsmuna“ að gæta. En hagsmunirnir eru hér þrengdir með orðinu „lögvarðir“ og verður skilgreining hugtaksins vandasamari.¹⁰ Orðið lögvernd er skilgreint sem „vernd er löggin veita“¹¹ og hlýtur því að vera átt við hagsmuni sem veitt er vernd í lögum. Augljóslega er því átt við hagsmuni sem njóta lögverndar almennt¹² og eiga skilið að njóta verndar dómstóla. Það svarar þó ekki spurningunni hvað lögvarðir hagsmunir séu. Lögfræðiorðabók skilgreinir lögvarða hagsmuni sem „hagsmunir sem eru þess eðlis að það getur skipt máli fyrir stöðu stefnanda að lögum að fá dóm um þá“.¹³ Þessi skilgreining gefur vissulega vísbendingu um eðli lögvarinna hagsmuna en ekki greinagóða lýsingu á því hvað þeir í raun og veru eru. Það verður að telja að svar við þeirri spurningu sé vandfundið, enda eru lögvarðir hagsmunir óáþreifanlegt og matskennt hugtak sem ómögulegt er að skilgreina á tæmandi hátt.

Hver einasta efnisúrlausn Hæstaréttar varðar lögvarða hagsmuni, enda væru þeir ekki til staðar, myndi það varða frávísun málsins vegna skorts á lögvörðum hagsmunum. Þannig er vandasamt að skilgreina nákvæmlega hvað lögvarðir hagsmunir eru, en hægt er að meta hvort þeir séu fyrir hendi eða ekki en ljóst er að þeir verða að vera til staðar þar til dómur fellur.¹⁴ Það mætti segja að lögvarðir hagsmunir séu röð matskenndra atriða, sem veitir dómstólum vissa heimild, sem er frjáls og ólögælt, til þess að leyfa eða hafna að taka fyrir réttarathafnir, allt eftir því mati hvort þörf sé á að veita þeim viðurkenningu.¹⁵ En hafi málsóknin enga raunverulega þýðingu, þá er hægt að vísa henni frá á þeim grundvelli að lögvarðir hagsmunir séu ekki fyrir hendi.¹⁶

2.1.2 Lögvarðir hagsmunir í rétti annarra ríkja

Hugtakið lögvarðir hagsmunir er að finna í rétti annarra ríkja. Sem dæmi má nefna þýsku „Zivilprozessordnung“ eða þýsku lögunum um meðferð einkamála, en í þeim segir í 256. gr. að sá geti fengið viðurkenningardóm um tilvist lagalegs sambands hafi hann „*rechtliches Interesse*“. Í Danmörku kallast hugtakið „retlig interesse“¹⁷ og hefur þar í

⁹ Íslensk orðabók handa skólum og almenningi, bls. 330.

¹⁰ Sbr. Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 232.

¹¹ Íslensk orðabók handa skólum og almenningi, bls. 613.

¹² Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II. hefti*, bls. 232.

¹³ Lögfræðiorðabók með skýringum, bls. 271.

¹⁴ Hans M. Michelsen: *Sivilprosess*, bls. 69.

¹⁵ Stephan Hurwitz: *Om begrebet „retlig interesse“ i procesretten*, bls. 9.

¹⁶ Bernhard Gomard og Michael Kistrup: *Civilprocessen* bls. 419.

¹⁷ Sjá Stephan Hurwitz: *Om begrebet „retlig interesse“ i procesretten* og Bernhard Gomard og Michael Kistrup: *Civilprocessen*, bls. 417.

réttarframkvæmdinni og fræðiskrifum verið talið skilyrði fyrir því að fá viðurkenningardóm.¹⁸ Í 54. grein gömlu norsku „tvistemál“ laganna eða laganna um meðferð einkamála sagði að hver sá sem hefði „rettslig interesse“ gæti fengið viðurkenningardóm. Hugtakið er í raun forsenda þess að fá aðgang að dómstólum, á grundvelli gömlu „tvistemáls laganna“, sérstaklega 54. grein hefur hugtakið verið haft að leiðarljósi þegar kemur að því að takmarka réttinn til þess að höfða einkamál.¹⁹

Líkt og í íslenskum rétti verður mál sem tengist því hvort lög brjóti í bága við stjórnarskrána eða hvort þau samræmist alþjóðlegum mannréttinda-sáttmálum aðeins borið fyrir dómstóla í tengslum við raunverulegt og áþreifanlegt álitæfni. Það er þó vert að athuga að hvaða leyti norskur réttur getur verið frábrugðin. Norskir dómstólar hafa verið töluvert frjálsslyndir hvað varðar kröfuna um „rettslig interesse“ í tengslum við stjórnvaldsákvarðanir.²⁰ Má þar benda á *Rt. 1980, bls. 569* þar sem Hæstiréttur Noregs taldi að norsk náttúruverndarsamtök gætu höfðað mál gegn ríkistjórninni um gildi leyfis fyrir Alta vatnsorku-verkefnið. Síðan þá hefur samtökum sem standa fyrir ákveðnum almannahagsmunum verið talið heimilt að höfða mál varðandi stjórnvaldsákvarðanir sem tengjast hagsmunum sem þau standa fyrir. Þessi dómur er áhugaverður í ljósi *Hrd. 2002, bls. 2241 (231/2002)* þar sem náttúruverndarsamtök voru ekki talin hafa lögvarða hagsmuni einfaldlega með vísan til þess að þau létu sig varða náttúruvernd.

2.1.3 Hliðstæð hugtök í bandarískum rétti

Í bandarískum rétti er að finna svipað hugtak og lögvarða hagsmuni, þ.e. „standing“, en kjarni spurningarinnar um „standing“ er hvort að sóknaraðili eigi rétt á að dómurinn ákveði ágreining eða mál samkvæmt efni sínu.²¹ Skilyrði „standing“ hafa verið skýrð í dómum Hæstaréttar Bandaríkjanna í fyrsta lagi þannig að sóknaraðili verði að halda fram persónulegu „injury“ sem hægt er með sanngirni að rekja til ólögmætrar háttsemi varnaraðila og í öðru lagi verði bætt úr með umbeðinni aðstoð dómsins.²² Lögsaga alríkisdómstóla í Bandaríkjunum, Hæstiréttur Bandaríkjanna er meðal þeirra, er ákveðin samkvæmt 3. gr. stjórnarskrá Bandaríkjanna en hún nær til allra „mála eða ágreininga“.²³ Ríkisdómstólar eru þó ekki bundnir af kröfum um „standing“ enda hvíla þeir ekki á 3. gr. bandarísku stjórnarskrárinnar.²⁴

¹⁸ Bernhard Gomard og Michael Kistrup: *Civilprocessen*, bls. 417.

¹⁹ Inge Lorange Backer: *Rettslig interesse for søksmål, skjønn og klage, særlig ved naturinngrep*, bls. 9.

²⁰ Inge Lorange Backer: „The norwegian reform of civil procedure“, bls 59.

²¹ *Warth v. Seldin*, 422 U. S. 490 (1975)

²² *Allen v. Wright*, 468 U.S. 737 (1984)

²³ Á ensku „cases or controversies“

²⁴ Ronald D. Rotunda: *Modern constitutional law*, bls. 1159.

Samkvæmt þeirri reglu ákveða dómstólarnir ekki spurningar um lögfræðileg álitafni í tómi heldur aðeins þegar að þær rísa í tengslum við mál eða ágreininga.²⁵ Venjulega reglan er sú að raunverulegur ágreiningur verður að vera til staðar á meðan á málinu stendur en ekki eingöngu við upphaf málsins²⁶ og gefa slíkir dómstólar til að mynda ekki ráðgefandi álit.²⁷

Ágreiningur samkvæmt bandarísku stjórnarskránni hefur verið skýrður sem svo að hann verði að vera ákveðinn og áþreifanlegur, aðilar hafi andstæða lagalega hagsmuni og hann snerti á lagalegum tengslum þeirra.²⁸ Það sé ekki mál eða ágreiningur ef mál hefur verið leyst eða báðir aðilar vilja nákvæmlega sömu niðurstöðu.²⁹ Dómstólarnir hafa aðeins vald til þess að dæma að lög brjóti í bága við stjórnarskrána í tengslum við mál sem þeir geta réttilega dæmt.³⁰ Til að fullnægja „standing“ er gerð krafa um „a direct injury“ en ekki einfaldlega almenna hagsmuni sem eru sameiginlegir öllum almenningi.³¹ Ekki er hægt að fullnægja „standing“ á grundvelli stöðu sinnar sem borgara, vegna þess að almennir borgaralegir hagsmunir geti ekki verið fullnægjandi grundvöllur fyrir „standing“³² né á þeim grundvelli einum að þeir séu skattgreiðendur.³³

Jafnvel þó svo að kröfunni um „injury“ sé fullnægt þá er reglan sú að aðili geti ekki haldið fram rétti þriðja manns.³⁴ Gerð er krafa um að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila, enda geta alríkisdómstólar ekki felld dóm í málum sem engin áhrif hafa á réttindi aðila í málinu.³⁵ Samkvæmt framangreindu er margt líkt með „standing“ í bandarískum rétti og lögvörðum hagsmunum í íslenskum rétti.

2.2 Ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu

Ákvæði 70. gr. stjkskr. tryggir öllum réttinn til þess að fá úrlausn um réttindi sín, en í því felst sjálfstæð regla um að menn eigi almennt rétt á að bera mál sín undir dómstóla.³⁶ Í ljósi þess að þessi réttur manna er stjórnarskrárverndaður er erfitt að sjá hvernig það fæst staðist að hann sé takmarkaður á grundvelli ólögsmæltis og óskýrs skilyrðis um að aðili verði að hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn dóms um kröfur sínar. Í athugasemdum með þessu ákvæði í frumvarpi

²⁵ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 38.

²⁶ *DeFunis v. Odegaard*, 416 U.S. 312 (1974)

²⁷ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 40.

²⁸ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 40.

²⁹ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 39-40.

³⁰ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 39

³¹ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 49.

³² Ronald D. Rotunda: *Modern constitutional law*, bls. 1160.

³³ *DaimlerChrysler Corp. v. Cuno*, 547 U.S. 332 (2006)

³⁴ Charles Alan Wright: *Law of federal courts*, bls. 50.

³⁵ *DeFunis v. Odegaard*, 416 U.S. 312 (1974)

³⁶ Björg Thorarensen: *Stjórnskipun Mannréttindi*, bls. 222.

því sem varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 segir að það yrði ekki talið brjóta gegn þessum rétti ef settar yrðu í réttarfarslöggjöf reglur um það skilyrði að maður sjálfur þyrfti að hafa hagsmuni af því að fá leyst úr máli til að geta lagt það fyrir dómstóla.³⁷ Þar segir að það feli vissulega í sér ákveðnar hindranir á aðgengi manna að dómstólum.³⁸ Þetta skilyrði um lögvarða hagsmuni, hefur í dómum Hæstaréttar ekki verið talið takmarka aðgang manna að dómstólum á þann hátt að það stríði gegn 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. *Hrd. 2006, bls. 3375 (379/2006)*.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að í 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu felist sjálfstæður réttur til þess að bera mál undir dómstóla þó svo að það komi þar ekki fram berum orðum,³⁹ en hann sé þó ekki fortakslaus og aðildarríki sáttmálans geti takmarkað hann að ákveðnu leyti.⁴⁰ Það brýtur því ekki gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þó að sett séu almenn skilyrði fyrir því að dómsmál verði höfðað, til að mynda að sett séu skilyrði um að aðilar hafi hagsmuni af því að fá leyst úr málinu.⁴¹ Skilyrðið um lögvarða hagsmuni brýtur því hvorki gegn 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar né 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

2.3 Tengsl við lögspurningar

Ákvæði 1. mgr. 25. gr. eml. kveður á um að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni. Þessi heimild hefur ætíð verið kölluð bann við lögspurningum, eða að dómur gefi álit um lögfræðileg efni. Segja mætti að þessi regla banni að spurningum um lögfræðileg álitaeefni séu ákveðin í tómi. Í athugasemdum með þessu ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 91/1991 kemur fram að ákvæðið og meginreglan sem að baki henni býr sé efnislega samhljóða 67. gr.⁴² laga nr. 85/1936.⁴³ Upphafsorð 67. gr. eru nákvæmlega hin sömu, „dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni“. Í athugasemdum með þeim lögum segir að fyrirmæli þessarar greinar hafi lengi verið talin gilda sem óskrifuð lög.⁴⁴

Í forsendum Hæstaréttar er oftast vísað til þessarar greinar, þegar lögvarðir hagsmunir eru ekki taldir vera fyrir hendi og því talið að verið sé að biðja um lögfræðilega álitsgerð er stríði gegn ákvæðinu. Þannig að hafi aðili engra lögvarinna hagsmuna að gæta af því að fá dóm um kröfur sínar og dómur um slíkar kröfur hefði engin réttaráhrif, myndi slíkur dómur í raun ekki

³⁷ Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2096.

³⁸ Alpt. 1994-95, A-deild, bls. 2096.

³⁹ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 45.

⁴⁰ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 53.

⁴¹ Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 54.

⁴² Í athugasemdunum segir að hún sé efnislega samhljóða 68. gr., en á að vera 67. gr.

⁴³ Alpt. 1991-92, A-deild, bls. 1077.

⁴⁴ Alpt. 1935, A-deild, bls. 951.

þjóna neinum öðrum tilgangi en að vera álit um lögfræðileg efni, og væri því í raun álit en ekki dómur.

3 Skilyrði lögvarinna hagsmuna

Því hefur margoft verið slegið föstu í dómum Hæstaréttar, að það sé grundvallarregla að baki eml. að aðili hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnis. Hver eru þá skilyrðin sem Hæstiréttur leggur til grundvallar við mat á því hvort lögvarðir hagsmunir séu til staðar? Ekki getur verið að mat Hæstaréttar á því hvort lögvarðir hagsmunir séu til staðar sé einfaldlega handahófskennt. Það hljóta að vera einhver skilyrði sem almennt er hægt að miða við þegar metið er hvort lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi.

Við nánari greiningu á hæstaréttardómum er varða lögvarða hagsmuni, er hægt að greina viss skilyrði sem verða að vera uppfyllt til þess að lögvarðir hagsmunir séu taldir vera fyrir hendi. Þessi skilyrði þurfa að vera uppfyllt frá upphafi dómsmáls þar til dómur fellur, líði þau undir lok þá telst aðili ekki lengur hafa lögvarða hagsmuni. Þau tilvik geta einnig komið upp, vegna atvika sem hafa orðið eftir úrskurð héraðsdóms, að málsaðili hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af málskoti til Hæstaréttar.⁴⁵ Verður nú fjallað um þessi skilyrði hvert fyrir sig.

3.1 Raunverulegur ágreiningur

Fyrsta skilyrðið er að um sé að ræða raunverulegan ágreining um einhver tiltekin áþreifanleg og raunveruleg réttindi eða skyldur. Gerð er krafa um ákveðið ágreiningsefni sem hægt sé að ráða til fullnaðarlykta.⁴⁶ Lengi hefur það verið talið að skilyrði fyrir því að fá tiltekinn rétt viðurkenndan með dómi að ágreiningur sé um það, hvort sóknaraðili eigi réttinn eða samkvæmt því efni sem hann heldur fram.⁴⁷ Þetta tengist í raun hlutverki dómstóla og sést kannski skýrast í 1. mgr. 25. gr. eml. eins og fram kemur í framangreindri umfjöllun. Álit er því ekki í eðli sínu til þess fallið að vera bindandi um einhvern sérstakan ágreining.

Það er því ágreiningurinn sem er kjarni dómsmála, enda höfða menn ekki dómsmál um eitthvað sem þeir eru báðir fullkomlega sammála um og enginn ágreiningur liggur til grundvallar. Aðili hefur ekki lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkennd réttindi sem eru í senn viðurkennd og óumdeild, sbr. *Hrd. 2001, bls. 2828 (296/2001)* en þar var aðili ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá með dómi sérstaka viðurkenningu á rétti sem væri lögákveðinn og óumdeildur.

⁴⁵ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 102.

⁴⁶ Einar Karl Hallvarðsson: „Hvernig er þetta með ríkið?“, bls. 502.

⁴⁷ Einar Arnórsson: *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*, bls. 241.

Í *Hrd. 31. október 2007 (554/2007)* sagði um málsókn sóknaraðila að ekki yrði af gögnum málsins séð að tilefni málsóknarinnar væri einhver sérstakur ágreiningur við varnaraðila um þau efni sem dómkröfurnar beindust að, heldur miðuðu þær í raun að því að dómurinn myndi kveða almennt á um réttarstöðu hans. Málinu var í kjölfarið vísað frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum. Hér vísar Hæstiréttur til þess að það skorti á einhvern sérstakan ágreining sem hægt er að fella dóm á og að ekki sé hlutverk hans að kveða almennt á réttarstöðu, enda myndi það ekki fela í sér úrlausn á einhverjum sérstökum ágreiningi.

Í *Hrd. 2005, bls. 2910 (334/2005)* var talið þvert á niðurstöðu héraðsdóms, að raunverulegur ágreiningur hefði verið til staðar en hann laut að því hvort að tiltekið réttarsamband væri enn til staðar milli aðila. Krafan væri því ekki í andstöðu við 24. gr. eða 25. gr. eml. Hér vék Hæstiréttur að því, að raunverulegur ágreiningur væri til staðar, þ.e. um tilvist tiltekins réttarsambands, það væri því ekki álit heldur bindandi dómur um ágreining aðila.

Svo háttaði til í *Hrd. 2003, bls. 1633 (116/2003)* að máli var vísað frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum en ástæða þess var sú, að krafa F hafði verið viðurkennd. Tilvist kröfunnar var þ.a.l. orðin óumdeild, því var ekki um neinn raunverulegan ágreining að ræða. F hélt þó kröfu sinni til streitu til þess eins að fá úr því leyst hvort það skyldi gert á grundvelli einnar málsástæðu frekar en annarrar. Hér var því þessi raunverulegi ágreiningur liðinn undir lok, krafan var viðurkennd áður en málið fór fyrir dóm og því óumdeild. F hafði því augljóslega enga lögvarða hagsmuni af dómi um hana. Þetta tengist þó einnig þriðja skilyrðinu þar sem að dómurinn myndi ekki heldur hafa áhrif á réttarstöðu F en um það verður fjallað síðar.

Að lokum má benda á *Hrd. 1999, bls. 1073 (90/1999)* en þar sagði í dómi Hæstaréttar:

Af gögnum málsins er hins vegar ljóst, þar á meðal af gagnsök varnaraðila, að ágreiningur er á milli aðilanna um hvort sóknaraðili eigi kröfu, sem geti fallið undir veðrétt samkvæmt fyrrnefndu tryggingarbréfi. Verður að telja sóknaraðila hafa lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr þeim ágreiningi [...]

Hér taldi Hæstiréttur að skilyrði um lögvarða hagsmuni væri uppfyllt þar sem um væri að ræða ágreining um tilvist tiltekinnna réttinda. Það er augljóst að væri til að mynda enginn ágreiningur um tilvist þessara réttinda og þau væru óumdeild og viðurkennd þá hefði aðilinn ekki haft lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þau, sem myndi í raun þjóna engum öðrum tilgangi en að staðfesta þau.

3.2 Eðli og tengsl

Sé um raunverulegan ágreining að ræða eins og fjallað er um hér að ofan, vaknar spurning um hver séu eðli og tengsl þessara tilteknu áþreifanlegu réttinda eða skyldur við aðila málsins. Svo virðist sem gerð sé krafa um að tengsl aðila máls við þessi réttindi eða skyldur séu sérstök en ekki almenn. Til dæmis að ágreiningurinn varði sérstaklega réttindi eða skyldur aðila máls en ekki almennt réttindi eða skyldur sem aðilinn deilir með stórum hópi manna í samfélaginu⁴⁸ eða réttindi eða skyldur annarra.⁴⁹ Eðli réttindanna og skyldnanna verða líka að vera sérstök, til dæmis fjárhagsleg eða persónuleg en ekki fagurfræðileg, andleg eða byggð á almennum áhuga um sakarefnið. Ekki hefur verið talið að „actio popularis“ sé heimilt í íslensku réttarkerfi.⁵⁰ Í þeirri reglu felst að hver á sök sem vil en þess skal getið að, hún var til að mynda heimil í Rómarrétti.⁵¹

Í *Hrd. 2004, bls. 4285 (422/2004)* lýstu sóknaraðilar hagsmunum sínum af málsókninni sem svo að þau væru öll íbúar í sveitarfélaginu NH, ættu þar lögheimili og svöruðu þar til skyldna að lögum. Að sama skapi nytu þau þeirra réttinda sem þeim væru fengin með lögum og vörðuðu stöðu þeirra í sveitarfélaginu. Að mati sóknaraðila voru persónulegir hagsmunir þeirra verulegir. Í dómi Hæstaréttar var talið að heimild sóknaraðila til aðildar að dómsmáli væri ekki rýmri en leiddi af almennum reglum en í dóminum sagði m.a. svo:

Í II. kafla hér að framan er getið þeirra atriða sem sóknaraðilar halda fram til stuðnings því að þeir hafi hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóla um kröfur sínar. Ekkert þeirra atriða er þess eðlis að sóknaraðilar geti talist eiga lögvarða hagsmuni af fyrri kröfu sinni samkvæmt 25. gr. laga nr. 91/1991 svo sem ákvæðið hefur verið skýrt í dómafrákvæmd. Verður þeirri kröfu því vísað frá héraðsdómi.

Hér var augljóslega ágreiningur um réttindi og skyldur en því verður ekki mótmælt að aðili njóti réttinda og svari til skyldna sem íbúi í sveitarfélagi. Hér var því um að ræða raunverulegan ágreining um tiltekin réttindi og skyldur íbúa í sveitarfélagi. Tengslin sem um ræðir hér eru ekki sérstök, heldur eru þau almenn, þ.e. aðilinn deilir þeim með öllum öðrum íbúum sveitarfélagsins, ágreiningurinn varðar ekki sérstök réttindi eða skyldur hans frekar en allra annarra íbúa sveitarfélagsins. Tengslin eru því of almenns eðlis til þess að aðilinn geti haft lögvarða hagsmuni af úrlausn ágreiningsins.

Í *Hrd. 2004, bls. 2509 (171/2004)* var snert á skilyrðum varðandi tengsl og eðli réttinda og skyldna. Þar kom fram að sóknaraðilar hefðu ekki sýnt nægilega fram á að þeir hefðu þá

⁴⁸ Sbr. Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II.hefti*, bls. 232.

⁴⁹ Sbr. Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 120.

⁵⁰ Ólafur Jóhannesson: *Stjórnarfarsréttur*, bls. 322.

⁵¹ Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II.hefti*, bls. 232.

lögvorðu hagsmuni, sem leitt gæti til þess að efnisdómur gengi um kröfur þeirra og var vísað að öðru leyti til forsendna hins kærða úrskurðar sem var staðfestur, en í honum sagði:

Í stefnu er ekki beinlínis gerð grein fyrir því á hvaða grunni stefnendur telja sig hafa af því lögvarða hagsmuni í framangreindum skilningi að dómurinn taki kröfur þeirra í málinu til efnislegrar úrlausnar. Af málalíbúnaði stefnenda verða þó vissar ályktanir dregnar hvað þetta varðar. Verður af því ráðið að nálægð húsa stefnenda við hið umdeilda skipulagssvæði og hagsmunir þeirra af því að njóta útivistar þar, sem hafi verið skertir frá því sem gera hafi mátt ráð fyrir samkvæmt upphaflegu deiliskipulagi, varði mestu í þessu sambandi.[...]Telja verður að stefnendur gætu haft sértæka hagsmuni af tilteknum þáttum varðandi skipulag Sjálandshverfis, sem þá teldust lögvarðir í skilningi laga, svo sem að því er varðar hæð húsa þar eða þætti sem áhrif hefðu á verðgildi fasteigna þeirra. Af hálfu stefnenda hefur ekki verið vísað til hagsmuna af þessu tagi.

Hér er vikið að eðli hagsmunanna og nefnt að hagsmunirnir sem sóknaraðilar halda fram séu t.d. hagsmunir þeirra af því að njóta útivistar eða andlegir hagsmunir af nálægð húsa við skipulagssvæðið. Vissulega hljóta það að vera réttindi að fá að njóta útivistar en eðli þessara réttinda er ekki það að aðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þá. Einnig er vikið að því að aðilar gætu mögulega haft lögvarða hagsmuni af þessu máli, en ekki hafi verið vísað til hagsmuna af því tagi og eru þar nefndir þættir sem myndu hafa áhrif á verðgildi húsa þeirra, þ.e. hagsmuni sem eru fjárhagslegs eðlis.

Í *Hrd.* 2002, *bls.* 2241 (231/2002) er varðaði hina óspjölludu náttúru við Kárahnjúkavirkjun lýstu sóknaraðilar hagsmunum sínum af málsókninni sem svo að þeir væru allir einlægir náttúruverndar- og umhverfissinnar. En um hvort eðli og tengsl þessara hagsmuna væru nægjanleg til þess að lögvarðir hagsmunir teldust vera fyrir hendi, sagði í dómi Hæstaréttar:

Verður því ekki fallist á að heimild sóknaraðila til að eiga aðild að dómsmáli um þessa kröfu geti verið rýmri en leiðir af almennum reglum af þeim sökum einum að þeir hafi átt aðild að undanfarandi málsmeðferð stjórnvalda. Hér að framan er getið þeirra atriða, sem sóknaraðilar halda fram til stuðnings því að þeir hafi hagsmuni af því að fá úrlausn dómstóla um aðalkröfu sína. Ekkert þeirra atriða er þess eðlis að sóknaraðilar geti talist hafa slíka lögvarða hagsmuni, sem hér um ræðir, af því að efnisdómur gangi um þessa kröfu þeirra. Þegar af þessari ástæðu verður að vísa aðalkröfu sóknaraðila frá héraðsdómi.

Hér telur Hæstiréttur að heimild sóknaraðila til að eiga aðild að dómsmáli verði ekki skýrð rýmri en almennar reglur, þ.a.l. eru þessi skilyrði sem Hæstiréttur setur fyrir aðildinni í samræmi við almenn skilyrði. Hagsmunir aðilanna, sem byggjast á því að þeir séu náttúruverndar- og umhverfissinnar eru ekki þess eðlis að þeir myndu teljast hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar. Þeirra. Ágreiningsefnið varðar ekki sérstaklega

réttindi eða skyldur sóknaraðila og eðli þessara réttinda eru hvorki persónuleg né fjárhagsleg. Réttindin eru mjög almenns eðlis og eðli þeirra eru til að mynda andleg eða fagurfræðileg og deila þeir þeim eflaust með öllum þeim sem hafa áhuga á náttúruvernd.

Í *Hrd. 2001, bls. 2281 (173/2001)* skýrðu sóknaraðilar tilgang sinn með málsókninni og hagsmuni sína af niðurstöðu málsins svo að þau ættu öll ættir að rekja til Mývatnssveitar. Þau bæru mikla umhyggju fyrir örlögum sveitarinnar, jafnt örnefnum sem öðrum menningarverðmætum. Hæstiréttur taldi sóknaraðila ekki hafa neina lögvarða hagsmuni af því að fá efnisdóm um kröfur sínar. Eðli hagsmunanna eru andlegir, þ.e. umhyggjan. Hagsmunirnir varða ekki sérstaklega sóknaraðila heldur varða þau almennt alla sem gætu borið sama hug til þessara menningarverðmæta.

Í *Hrd. 1994, bls. 2640* rökstuddi sóknaraðili hagsmuni sína af málinu á þann veg að hann væri kjósandi til Alþingis, og að kosningarréttur og mannréttindi hans hefðu verið brotin. Tengsl aðilans við þessi réttindi voru mjög almenns eðlis, þau vörðuðu í raun hvern og einn einasta kjósanda til Alþingis jafn mikið og sóknaraðilann. Þessum röksemdum hans var hafnað, og lögvarðir hagsmunir voru ekki taldir vera fyrir hendi.

Varði hagsmunirnir sérstaklega sóknaraðila og þeir eru persónulegs eðlis þá hefur verið talið að lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi, til að mynda var sú raunin í *Hrd. 2001, bls. 3962 (417/2001)* þar sem sóknaraðili var talinn hafa:

[...]persónulegra hagsmuna að gæta af því að upplýsingar úr sjúkraskráum um föður hennar yrðu fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, því unnt yrði að draga af þeim ályktanir um viðkvæmar persónuupplýsingar um hana sjálfa. Þegar af þessari ástæðu verður ekki fallist á með varnaraðila að sóknaraðila skorti lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr fyrrgreindum kröfum sínum að efni til.

Séu hagsmunirnir fjárhagslegir og varða sérstaklega sóknaraðila verður að telja að lögvarðir hagsmunir yrðu taldir vera fyrir hendi. Í *Hrd. 2002, bls. 1168 (116/2002)* var sóknaraðili talinn hafa lögvarða hagsmuni af efnisdómi en málið varðaði mikilvæg fjárhagsleg réttindi hans, en hann átti 11,25 % hlut í fyrirtækinu sem ágreiningurinn laut að. Í *Hrd. 2001, bls. 2901 (117/2001)* varðaði málið líka sérstaklega fjárhagsleg réttindi sóknaraðila en Hæstiréttur taldi líkt og héraðsdómur að sóknaraðili hefði lögvarinna hagsmuna að gæta enda væri í málinu verið að skera úr því hvort áfrýjanda hafi borið að innleysa umrædda íbúð eða ekki. Í lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál væri gert ráð fyrir því að söluhagnaður af íbúðum, sem sveitarfélög hefðu byggt og innleyst og væru endurseldar myndi renna til sóknaraðila.

Með vísan til framangreinds verður því að telja að gerð sé krafa um að réttindi og skyldur sem ágreiningurinn lýtur að, varði sérstaklega sóknaraðila og eðli hagsmunanna sé

fjárhagslegt eða persónulegt. Ekki sé um að ræða almenn tengsl við þessi réttindi og skyldur, sem sóknaraðili til dæmis deilir með stórum hluta samfélagsins né að eðli hagsmunanna sé fagurfræðilegt, andlegt eða byggjast á almennum áhuga á sakarefninu. Því verður að telja að aðili sem byggði aðild sína einungis á almennum tengslum til dæmis að hann sé íbúi í sveitarfélagi, áhugamaður um náttúruvernd, kjósandi til Alþingis eða jafnvel skattgreiðandi væri ekki nægjanlegt til þess að geta talist hafa lögvarða hagsmuni. Slík almenn tengsl væru ekki nægjanleg, heldur þyrftu þau að vera nán og sérstök.

3.3 Áhrif á réttarstöðu

Þriðja og seinasta skilyrðið sem kemur til álita, séu hin tvö skilyrðin uppfyllt, er að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila. Þá kröfu mætti orða að dómur hafi réttaráhrif.⁵² Þá er spurningin hvort kröfur sóknaraðila séu teknar til greina, að það hafi áhrif á réttarstöðu hans að því leyti að þegar niðurstaða dóms liggur fyrir sé réttarstaða hans breytt á einhvern hátt.

Í *Hrd. 6. febrúar 2009 (15/2009)* gerði sóknaraðili þá kröfu að tiltekinn úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála yrði ógiltur. Úrskurðurinn varðaði hlutfall jöfnunargjalds en í kjölfar úrskurðarins hafði hlutfalli jöfnunargjaldsins verið breytt með lögum. Hæstiréttur taldi að þar sem jöfnunargjaldið væri lögákveðið stæði það óhaggað þrátt fyrir það að úrskurðurinn yrði ógiltur. Sóknaraðili var ekki talinn hafa sýnt fram á að ógilding úrskurðarins myndi á einhvern annan hátt hafa áhrif á hagsmuni hans. Hér er áhugavert dæmi um hindrun, þ.e. lög koma í veg fyrir að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila. Réttarástandið, þ.e. að jöfnunargjaldið sé meitlað í lög, myndi ekki breytast ef dómur myndi ganga samkvæmt kröfum sóknaraðila, því eftir sem áður myndu löggin standa óbreytt og jöfnunargjaldið því líka. Augljóslega myndi það ekki hafa áhrif á réttarstöðu aðila og því voru lögvarðir hagsmunir ekki taldir vera fyrir hendi.

Dómur verður því að hafa áhrif á réttarstöðu aðila, þ.e. á þann hátt að hún breytist að einhverju leyti eftir að dómur fellur. Í *Hrd. 2005, bls. 4599 (459/2005)* var krafa T sú að ógilt yrði álit kærunefndar útboðsmála um skaðabótaskyldu O gagnvart T. Þar sem álit er ekki í eðli sínu bindandi lá fyrir að þetta álit kærunefndar var óbindandi að lögum. Hafði það því í raun engin áhrif á réttarstöðu T. Var hann ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni þar sem dómur í málinu myndi ekki hafa nein áhrif á réttarstöðu aðila.

Sá dómur sem best lýsir þessu skilyrði er *Hrd. 14. október 2010 (779/2009)* en þar krafðist sóknaraðili B þess að viðurkennt yrði með dómi að S væri óheimilt að leggja fram til sýnis álagningarskrá þar sem tilgreindir væru þeir skattar sem lagðir höfðu verið á B samkvæmt

⁵² Einar Karl Hallvarðsson: „Hvernig er þetta með ríkið?“, bls. 502.

lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Markmið B með málsókninni var að almenningur hefði ekki aðgang að upplýsingum um skatta B svo hægt væri að sjá hver laun hans hefðu verið á árinu. Í dómi Hæstaréttar sagði svo:

Þótt með dómi yrði tekin til greina krafa áfrýjanda, eins og hann hefur kosið að haga orðalagi hennar, yrði ekki með því girt fyrir að skattstjóri legði eftir sem áður fram álagningarskrá, þar sem aðeins yrði sleppt upplýsingum um skatta, sem lagðir væru á áfrýjanda samkvæmt lögum nr. 90/2003. Með því hefði almenningur eftir sem áður aðgang að þeim upplýsingum, sem áfrýjandi leitast við að koma í veg fyrir með máli þessu.

Réttarástandið sem B sóttist eftir, þ.e. að almenningur hefði ekki aðgang að upplýsingum, sem hægt væri að ráða af hverjar tekjur áfrýjanda hefðu verið á viðkomandi skattári, hefði því ekki náðst hefði dómur Hæstaréttar fallið samkvæmt kröfum hans. Skattstjóri hefði þrátt fyrir dóm í málinu getað t.d. lagt fram upplýsingar um útsvar samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sem hefði þýtt að almenningur hefði aðgang að upplýsingum sem hægt væri að ráða af hverjar tekjur hans hefðu verið á árinu. Samkvæmt því hefði dómur ekki haft áhrif á réttarstöðu B. Var B því ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar.

Orða má þriðja skilyrðið sem svo, að gerð sé krafa um að séu kröfur aðila teknar til greina þá muni það leiða til þess réttarstaða hans breytist að einhverju leyti.

4 Lögvarðir hagsmunir liðnir undir lok

Eins og áður hefur verið fjallað um, eru tiltekin þrjú skilyrði fyrir því að aðili teljist hafa lögvarða hagsmuni af því að fá efnisdóm um kröfur sínar. Til eru þau tilvik þar sem lögvarðir hagsmunir hafa verið fyrir hendi, en þeir líða undir lok fyrir höfðun máls, eða á meðan að mál er rekið fyrir dómstólum.⁵³ Falli eitthvað þeirra skilyrða brott undir rekstri máls teljast lögvarðir hagsmunir ekki lengur fyrir hendi eða í raun liðnir undir lok og því vísað frá dómi. Sams konar regla gildir í norrænum rétti.⁵⁴ Verður nú fjallað um þau tilvik þar sem lögvarðir hagsmunir eru taldir liðnir undir lok, og þá hvaða skilyrði verður að telja að séu ekki lengur uppfyllt sem leiði til þessarar niðurstöðu.

4.1 Ágreiningur liður undir lok

Eins og áður var nefnt er fyrsta skilyrðið það að til sé raunverulegur ágreiningur um tiltekin ápreifanleg réttindi eða skyldur. Staðan getur hins vegar oft orðið svo að í upphafi máls hafi

⁵³ Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 118.

⁵⁴ Hans M. Michelsen: *Sivilprosess*, bls. 69.

ágreiningur verið til staðar en á meðan mál er til meðferðar hjá dómstólum líði ágreiningurinn undir lok. Svo getur einnig farið að ágreiningurinn líði undir lok eftir uppkvaðningu dóms héraðsdóms, t.d. með því að dómkröfur séu greiddar, en málinu engu að síður áfrýjað til Hæstaréttar. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 105. gr. eml. skal mál fellt niður ef stefndi leysir af hendi þá skyldu sem hann er krafinn um í málinu. Það er augljóslega ekki ágreiningur til staðar ef kröfur sóknaraðila eru viðurkenndar. Sé orðið við dómkröfum sóknaraðila þá ætti með réttu að fella mál niður. Svo er ekki alltaf gert og hefur sóknaraðilinn þá ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar.

4.1.1 Dómkröfur að fullu greiddar

Ef dómkröfur sóknaraðila eru að fullu greiddar, verður að telja að raunverulegur ágreiningur milli aðila sé í raun liðin undir lok en skv. a-lið 1.mgr. 105. gr. eml. á að fella málið niður. Sé því ekki fylgt eftir og málinu samt sem áður haldið til streitu, þá hefur aðili ekki lögvarða hagsmuni að fá dóm um kröfur sínar. Sú var staðan í *Hrd. 1997, bls. 488* en dómkröfur sóknaraðila höfðu verið að fullu greiddar og með réttu hefði átt að fella málið niður skv. a-lið 1.mgr. 105. gr. eml. Því sinnti áfrýjandi ekki og aflaði hann að ástæðulausu úrlausnar með hinum áfrýjaða dómi, þar sem kröfur hans voru ekki teknar að fullu til greina. Í forsendum Hæstaréttar sagði m.a. svo:

Við það verður að sitja, enda eru ekki efni til að fallast á, að áfrýjandi hafi nú lögvarða hagsmuni af því að héraðsdómurinn verði ómerktur vegna framangreindra atvika, þótt hann telji sig ekki geta unað við niðurstöðu dómsins sem fordæmi við úrlausn samkynja ágreiningsefna.

Hér var því raunverulegur ágreiningur aðila liðinn undir lok, því varnaraðili hafði að öllu leyti orðið við dómkröfum sóknaraðila.

4.1.2 Ný ákvörðun tekin í samræmi við kröfu sóknaraðila

Nú er mál höfðað til þess að fá stjórnvaldsákvörðun hnekk og undir rekstri málsins er ný ákvörðun tekin í samræmi við kröfur sóknaraðila. Þá verður að telja að sóknaraðili hefði ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þær kröfur sínar, enda er ágreiningurinn sem var til grundvallar í málinu nú liðinn þar sem orðið hefur verið við óskum sóknaraðila og þær samþykktar.

Sú var raunin í *Hrd. 1999, bls. 3090 (255/1999)* en þar laut ágreiningur aðila að synjun um aðilaskipti að greiðslumarki, á meðan málið var fyrir dómstólum voru aðilaskiptin síðan samþykkt í samræmi við kröfur sóknaraðila, en þar með var ágreiningur aðila liðinn undir lok. Hæstiréttur taldi að sóknaraðili hefði ekki sýnt fram á hvaða lögvarða hagsmuni hann gæti

haft af því að leyst væri úr málinu að efni til, enda væri óumdeilt að varnaraðili hefði samþykkt aðilaskipti sóknaraðila. Dómur hefði því engin áhrif haft á réttarstöðu sóknaraðila.

4.1.3 Aðili fellur frá réttindum

Þau tilvik geta komið upp, að ágreiningur líði undir lok á þann veg að einn aðilinn falli frá réttindum sínum. Í *Hrd. 1971, bls. 62* voru málsatvik með þeim hætti að eftir að S og G voru dæmdir í héraði til greiðslu á víxli kom í ljós að nöfn þeirra á víxlinum höfðu verið fölsuð. Af þeim sökum féll B frá kröfum sínum á hendur S og G. Ágreiningur aðila leið því undir lok, en dómur Hæstaréttar hefði engin áhrif haft á réttarstöðu S og G. Þar sem kröfur þeirra fyrir Hæstarétti voru að þeir yrðu sýknaðir af kröfum B, en B hafði fallið frá kröfum sínum voru þeir ekki taldir hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þær kröfur sínar.

Í *Hrd. 1948, bls. 66* var um svipað tilvik að ræða, en fyrir Hæstarétti lýsti upphaflegi sóknaraðili H að hann teldi sig ekki eiga þá kröfu, sem sótt var á hendur áfrýjanda í héraði, og að hann ætlaði ekki að innheimta hana. Var talið að áfrýjendur hefðu ekki nein efni til áfrýjunar og málinu vísað frá. Hér leið ágreiningur aðila undir lok en þar sem fallið hafði verið frá kröfunni var í raun engin krafa á hendur áfrýjanda. Því má segja að ef að sóknaraðili fellur frá réttindum sínum á hendur varnaraðila þegar mál er fyrir dómstólum, sé raunverulegur ágreiningur liðinn undir lok og lögvarðir hagsmunir því ekki lengur fyrir hendi.

4.1.4 Réttindi viðurkennd

Séu réttindin sem eru grundvöllur ágreiningsins fyrir dómstólum viðurkennd af hálfu aðila, verður að telja að lögvarðir hagsmunir séu ekki til staðar. Enda séu kröfur sóknaraðila samþykktar eða viðurkenndar þá er ágreiningurinn liðinn undir lok, auk þess sem dómur myndi ekki hafa nein áhrif á réttarhagsmuni sóknaraðila.

Í *Hrd. 1992, bls. 126* hafði S áfrýjaði dómi héraðsdóms þar sem kröfur P voru teknar til greina, en síðan hafði bú S verið tekið til gjaldþrotaskipta og því tók þrotabú S við aðild hans að málinu fyrir Hæstarétti. Á löglegum skiptafundi var krafa P samþykkt án fyrirvara, en þar með var hún orðin viðurkennd. Hæstiréttur taldi að þetta samþykki kröfunnar samrýmdist ekki frekari meðferð málsins og taldi búið því ekki hafa lögvarða hagsmuni af áfrýjun þess og var málinu því vísað frá. Hér er ágreiningurinn liðinn undir lok, og þar með ekki uppfyllt skilyrði um lögvarða hagsmuni. Auk þess hefði dómur ekki áhrif á réttarstöðu aðila þar sem krafan var þegar viðurkennd.

4.1.5 Samskuldari áfrýjanda fullnægir skyldu

Atvikum getur háttað svo að eftir að dómur fellur í héraðsdómi um greiðsluskyldu tveggja aðila, fullnægi samskuldari kröfunni, þ.e. til að mynda greiði hana að fullu. Þá má segja sem svo, að ágreiningur varnaraðila við sóknaraðila sé liðinn þar sem krafan sem ágreiningurinn laut að er að fullu greidd og því ekki lengur til. Hins vegar geta vaknað upp álitæfni um innbyrðis réttarstöðu varnaraðila, þegar þeir bera ábyrgð in solidum, en ekki er tekin afstaða til slíkra álitæfna nema kröfur aðila séu þannig úr garði gerðar.

Í *Hrd. 1997, bls. 1023* hafði samskuldari áfrýjanda greitt kröfur sóknaraðila að fullu eftir héraðsdóm og ekki áfrýjað fyrir sitt leyti. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að þar sem krafan, sem áfrýjanda hafði verið gert að greiða í sameiningu með samskuldara sínum F hefði nú þegar liðið undir lok, hefði hann ekki sýnt fram á að hann hefði lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um sýknu af kröfu sem ekki væri lengur til. Hér er ágreiningurinn í málinu í raun liðinn undir lok, þ.e. á milli sóknaraðila og varnaraðila, þar sem krafa sóknaraðila hefur verið að fullu greidd. Auk þess myndi dómur ekki hafa nein áhrif á réttarstöðu áfrýjanda, enda verður ekki séð hvernig aðili geti haft lögvarða hagsmuni af því að vera sýknaður af kröfu sem er ekki lengur til.

Það getur verið áhugavert að skoða hvernig réttarframkvæmdin hefur breyst á þessu sviði. Til að mynda í *Hrd. 1976, bls. 839* var um að ræða svipað tilvik og í *Hrd. 1997, bls. 1023* nema þar var áfrýjandi sýknaður af kröfu sem var að fullu greidd og því ekki lengur til. Maður getur leitt hugann að því hvaða lögvröðu hagsmuni hann geti haft af því, enda hefur slíkur dómur engin áhrif á réttarstöðu aðila. Þó getur maður séð hvernig þróunin heldur áfram í *Hrd. 1980, bls. 1654* en þar var um svipað tilvik að ræða nema þar taldi Hæstiréttur lögvarða hagsmuni vera fyrir hendi. Áhugavert er að skoða sératkvæði eins hæstaréttardómarans en í því segir:

Þess er hins vegar að gæta sem þegar er sagt, að fjárfrafa sú, sem D átti samkvæmt héraðsdómi hefur nú verið greidd af B og dánarbú J hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Er ágreiningi þeim, sem um var dæmt í héraði milli áfrýjandans I og dánarbú J, þar með lokið, en um ágreining áfrýjandans við aðra, svo sem B eða váttryggingarfélag það, sem bifreið J var tryggð hjá, verður ekki dæmt í þessu máli, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt. Að þessu leiðir að í málinu á áfrýjandi ekki lengur neina lögvarða hagsmuni. Ber því, að ég tel, að vísa því frá Hæstarétti.

4.1.6 Úrskurður felldur úr gildi

Ekki yrði talið að sóknaraðili hefði lögvarða hagsmuni að fá úrskurð felldan úr gildi, sem þegar hefur verið felldur úr gildi. Enda yrði að telja að ágreiningur aðila sé þá liðinn undir lok auk þess sem dómur myndi þá engin áhrif hafa á réttarstöðu aðila. Enda er réttarástandið, það

að úrskurðurinn sé felldur úr gildi, þegar orðið og dómur myndi engu breyta um það. Slíkt var í *Hrd. 1990, bls. 1061* en þar hafði K verið úrskurðuð í varðhald þar til hún hefði upplýst hvar barnið B væri. Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar, en áður en málið var dæmt var úrskurðurinn felldur úr gildi og K hafði aldrei verið gert að sæta gæsluvarðhaldi. Þar sem málið var höfðað til þess eins að fá úrskurð felldan úr gildi, sem hafði nú þegar verið felldur úr gildi hefði K ekki lögvarða hagsmuni af því að dómur gengi nú um gildi úrskurðarins og var málinu því vísað frá Hæstarétti.

4.2 Hindranir sem koma í veg fyrir að dómur hafi áhrif á réttarstöðu

Áður var fjallað um þau tilvik, þar sem ágreiningur aðila er liðinn undir lok, og þar af leiðandi voru lögvarðir hagsmunir ekki lengur taldir vera fyrir hendi. Upp geta komið þau tilvik að ágreiningur sé enn fyrir hendi, en ljóst sé að dómur myndi ekki lengur hafa áhrif á réttarstöðu aðila. Ýmislegt getur komið í veg fyrir að dómur myndi ekki hafa áhrif á réttarstöðu aðila, slíkar hindranir geta verið tími, lög eða breyttar aðstæður. Verður nú fjallað um þessar hindranir og þau tilvik sem upp geta komið þegar að þessar hindranir koma í veg fyrir að dómur hafi áhrif á réttarstöðu.

4.2.1 Tími

Sú getur raunin orðið þegar málum er áfrýjað til Hæstaréttar eða dómur héraðsdóms fellur, að lögvarðir hagsmunir séu liðnir undir lok vegna þess að t.d. tímabil úrskurðar er liðið, úrskurður er þegar framkvæmdur eða ástandi sem á að aflétta er nú þegar aflétt. Allt eiga þessi tilvik það sameiginlegt að það sem hefur leitt til þess að lögvarðir hagsmunir teljist liðnir undir lok sé það að of seint er að dæma í málinu nú. Dómur hefur nú ekki áhrif á réttarstöðu aðila, en hefði dómur verið fenginn fyrir þá hefði hann haft áhrif, eina sem er breytt er að of langur tími er liðinn.

4.2.1.1 Tímabil liðið

Lúti kröfur aðila að því að fá úrskurð eða lögbann sem varðar eitthvað tiltekið tímabil fellt úr gildi, þá hefur aðili ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá slíkt fellt úr gildi sé tímabilið liðið. Enda eru réttaráhrif úrskurðarins og áhrif lögbannsins ekki lengur til staðar, og því sjálf fallin úr gildi. Að fá dóm um það að fá slíkt fellt úr gildi þegar það er nú þegar fallið úr gildi hefði augljóslega engan tilgang og engin áhrif á réttarstöðu aðila. En sé tímabilið ekki liðið og áhrif úrskurðarins eða lögbannsins enn fyrir hendi, þá hefði aðili ótvírætt lögvarða hagsmuni

af því að fá slíkt fellt úr gildi. Enda væru réttaráhrif slíks dóms þau að aðili væri ekki lengur bundinn af slíku.

Í *Hrd. 2005, bls. 4807 (256/2005)* var einni kröfu ISI ehf. á hendur S vísað frá dómi vegna þess að lögvarðir hagsmunir voru ekki lengur taldir fyrir hendi. Krafan var sú að staðfest yrði með dómi lögban sem sýslumaðurinn í Reykjavík hefði lagt á 24. janúar 2005 á hendur stefnda S við því að hann réði sig í starf hjá SU ehf. til 30. júní 2005. Í dómi Hæstaréttar sagði að þar sem liðinn væri sá tími sem dómkrafa ISI ehf. lyti að þá hefði áfrýjandi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um hana. Umrætt tímabil náði frá 24. janúar 2005 til 30. júní 2005, en dómur Hæstaréttar féll 1. desember 2005 nær hálfu ári eftir að tímabil lögbannsins var liðið, því var augljóst að dómur hefði engin áhrif á réttarstöðu aðila.

Svipað tilvik var til staðar í *Hrd. 2001, bls. 2865 (317/2001)* en áfrýjandi þar vildi fá lögban hafa, en lögbanneð laut að því að áfrýjanda yrði bannað að beita farþega, áhöfn eða starfsmenn sem myndu afgreiða skipið CA hindrunum er það var við höfn í Reykjavík 7. ágúst 2001. En úrskurði héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar sem felldi dóm sinn 11. september 2001, eða rúmum mánuði eftir að lögbanneð hafði gengið um garð. Í dómi Hæstaréttar sagði orðrétt:

Mun skipið síðan hafa komið að morgni 7. ágúst til Reykjavíkur, þar sem lögbanneð sýslumanns var framfylgt, en farið þaðan að kvöldi þess dags. Af því, sem að framan greinir, er ljóst að lögban, sem kveðið var á um með hinum kærða úrskurði, var lagt á 6. ágúst 2001. Tilfni lögbannsins var um garð gengið 7. sama mánaðar þegar skipinu CA var siglt frá Reykjavík. Samkvæmt því getur sóknaraðili ekki lengur haft lögvarða hagsmuni af því að fá bannneð fellt úr gildi

Ekki er hægt annað en að fallast á forsendur Hæstaréttar, enda hefði dómur um að hafna lögbanneð sem er nú þegar um garð gengið augljóslega engin áhrif haft á réttarstöðu áfrýjanda og því hefði hann ekki haft neina lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um slíkt. Hefði lögbanneð enn verið í gildi þegar Hæstiréttur dæmdi málið þá hefði áfrýjandi tvímælalaust haft lögvarða hagsmuni að fá dóm um slíkt.

Svipuð aðstaða var í *Hrd. 9. janúar 2010 (711/2009)* en þar var M ekki lengur talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá hnekk úrskurð héraðsdóms er varðandi umgengni hans á tímabilum sem nú þegar væru liðin, en kröfum hans sem lutu að tímabilum sem ekki voru liðin, var hafnað, þ.e. þau voru tekin til efnisdóms og þ.a.l. haft lögvarða hagsmuni varðandi þær kröfur sínar.

4.2.1.2 Úrskurður þegar framkvæmdur

Tími getur einnig verið til þess að hindra að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila, t.d. þegar dómur til ógildingar á úrskurði fellur eftir að úrskurðurinn hefur verið framkvæmdur samkvæmt efni sínu. Til að mynda hefði aðili ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um gildi úrskurðar sem hefði nú þegar verið framkvæmdur en hefði tvímælalaust lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um slíkt ef hann hefði enn verið framkvæmdur.

Í *Hrd. 8. júlí 2009 (368/2009)* var úrskurði héraðsdóms þar sem fallist var á innsetningargerð varnaraðila skotið til Hæstaréttar, en krafa sóknaraðila var að þessi úrskurður yrði felldur úr gildi. Fyrir Hæstarétti var lagt fram endurrit úr gerðarbók sýslumannsins í Reykjavík, þar sem fram kom að innsetningargerðin hafði farið fram í samræmi við kærða úrskurðinn 2. júlí 2009. Dómur Hæstaréttar féll 8. júlí 2009 og var sóknaraðili því ekki talin hafa lögvarða hagsmuni lengur af því að fá niðurstöðu úrskurðarins hnekkt. Úrskurðurinn var kveðinn 19. júní 2009 og sóknaraðili kærði úrskurðinn 23. júní, svo að innsetningargerðin sem fór fram eftir kærðu til Hæstaréttar leiddi til þess að aðili hefði ekki lögvarða hagsmuni að fá úrskurðinum hnekkt. Slíkt hefði engin áhrif á réttarstöðu hans. En hefði dómurinn fallið áður en innsetningargerðin fór fram, þá hefði sóknaraðili haft lögvarða hagsmuni, þetta gildir einnig um útburðargerðir sbr. *Hrd. 2002, bls. 1564 (185/2002)*.

Hið sama á við um aðfaragerðir, en í *Hrd. 1995, bls. 2026* var atvikum svo háttað að úrskurður héraðsdóms sem kveðin var upp 7. júlí 1995 var kærður til Hæstaréttar. Fyrir Hæstarétti var lagt fram endurrit úr gerðarbók sýslumannsins í Kópavogi en samkvæmt því hafði aðfaragerðin farið fram 18. júlí s.á. og varnaraðili fengin umráð nokkurra þeirra hluta. Varnaraðili fór fram á frávísun vegna þess að sóknaraðili hefði ekki lengur hagsmuni af því að hinn kærði úrskurður kæmi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, þar sem gerðin hafði þegar farið fram. Hæstiréttur leit svo á að með þessu væri varnaraðili að lýsa því yfir að hann ætlaði ekki að leita frekari fullnustu réttinda sinna samkvæmt hinum kærða úrskurði. Var sóknaraðili því ekki lengur talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að úrskurðurinn kæmi til endurskoðunar.

Þetta er áhugaverður dómur að því leyti, að hér er úrskurður sem hefur ekki að fullu verið framkvæmdur samkvæmt efni sínu, þar sem að varnaraðili hafði einungis fengið umráð nokkurra þeirra hluta sem úrskurðurinn mælti fyrir um. Þar af leiðandi hefði sóknaraðili haft lögvarða hagsmuni af því að fá úrskurðinn endurskoðaðan en hefði úrskurðurinn verið að fullu framkvæmdur þá hefði hann ekki haft lögvarða hagsmuni. En með því að varnaraðili féll frá þessum frekari réttindum sínum samkvæmt úrskurðinum, þá var sóknaraðili ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá hann endurskoðaðan. Enda hefði slíkur dómur engin áhrif haft á réttarstöðu sóknaraðila.

Framangreindir dómur eru áhugaverðir í ljósi eldri dómsins *Hrd. 1987, bls. 658* en þar voru atvik á þá leið að úrskurði var skotið til Hæstaréttar sem mælti fyrir um útburðargerð, fyrir lá að útburðurinn sem fjallað væri um hefði þegar farið fram og taldi lögmaður stefndu H að áfrýjandi hefði enga lögvarða hagsmuni af því að fá dæmt um kröfu sína. Hæstiréttur féllst ekki á þessi rök stefndu en taldi áfrýjanda hafa lögvarða hagsmuni, án þess að rökstyðja það eitthvað frekar, en í kjölfarið var úrskurðurinn staðfestur. Ekki er hægt að sjá hvernig slík ógilding hefði haft áhrif á réttarstöðu aðila en með tillit til nýlegrar réttarframkvæmdar verður að telja að lögvarðir hagsmunir yrðu taldir liðnir undir lok.

4.2.2 Lagasetning

Lög geta komið í veg fyrir að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila. Staðan getur orðið sú að á vissum tímamarki hafi aðili haft lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar, en vegna þess að lög hafa verið sett eða lögum breytt, hafi aðilinn ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar. Enda myndi dómur um kröfur hans ekki hafa nein áhrif á réttarstöðu hans. Lög geta því verið eins konar hindrun sem kemur í veg fyrir að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila.

Slík var staðan í *Hrd. 1999, bls. 379 (253/1998)* en þar krafðist V þess að viðurkennt yrði með dómi ólögmati vinnureglu stefnda Þ og að honum yrði gert að afgreiða umsókn V. Fallist var á þessar kröfur í héraðsdómi en fyrir Hæstarétti krafðist Þ að málinu yrði vísað frá vegna þess að frá upphafi hefði verið ljóst að það hefði einungis verið tímabundin heimild í lögunum sem fjallað var um í málinu. Hún væri nú útrunnin og hafi Þ því verið ókleift og óheimilt að uppfylla dómkröfu V, þ.e. að umsókn hans yrði afgreidd. Loks mælti reglugerð fyrir um það að óheimilt væri að taka umsóknir til meðferðar eftir 1. september 1997. Ef Hæstiréttur myndi taka kröfur V til greina, yrðu dómsorðin um skyldu Þ til að afgreiða umsóknina andstæð lögbundnu afnámi lagaheimildarinnar og mætti því ekki fullnægja samkvæmt efni sínu. Svo sagði í forsendum Hæstaréttar:

Stefndi hefur ekki við meðferð málsins fyrir Hæstarétti tilgreint hverjir þeir hagsmunir séu, sem hann geti haft af því að fá úrlausn um kröfur sínar. Hann hefur heldur ekki gert í máli þessu kröfu um viðurkenningu á skaðabótaskyldu áfrýjanda, sbr. 2. mgr. 25. gr. einkamálagalaga, sem honum hefði verið unnt, eftir atvikum sem varakröfu. Heimildir áfrýjanda voru tímabundnar, svo sem áður er rakið. Gæti umfjöllun hans nú um umsókn stefnda ekki leitt til annars en synjunar á þeirri forsendu. Að þessu virtu verður ekki fallist á að stefndi hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar, svo sem þær eru úr garði gerðar.

Hefði dómur þessi fallið, á meðan þessi lögbundna heimild hefði enn verið í gildi, þá hefði V eflaust haft lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar, enda þá hefði verið hægt

að fullnægja dómkröfum hans. Eftir að þessi lögbundna heimild var útrunnin þá hefði dómur samkvæmt kröfum V ekki haft nein áhrif á réttarstöðu hans. Lögin voru því hindrun og hafði V því enga lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar.

4.2.3 Aðstæður breytast

Það getur einnig komið fyrir, að lögvarðir hagsmunir teljist liðnir undir lok einfaldlega vegna þess að aðstæður breytast á þann veg, að dómur hefði nú ekki áhrif á réttarstöðu aðila. Það er hægt að ímynda sér óteljandi tilvik breyttra aðstæðna, en nú verður fjallað um nokkur dæmi þeirra úr dómum Hæstaréttar. Í *Hrd. 1995, bls. 196* deildu foreldrar um forsjá barns síns:

Var ágreiningsefni í málinu einvörðungu það, hvor foreldranna skyldi hafa forsjána, og úr því leyst í hinum áfrýjaða dómi. Stúlkan er nú sjálfráða, og hafa málsaðilar ekki lengur lögvarða hagsmuni af því, að úrlausn dómsins komi til endurskoðunar fyrir Hæstarétti[...]

Hér hafa aðstæður breyst frá því dómur héraðsdóms var kveðinn, á þann veg að dómur nú um hvor foreldranna myndi fara með forsjá barnsins hefði engin áhrif á réttarstöðu þeirra, enda er stúlkan nú sjálfráða og því ekki hægt að veita öðrum hvorum þeirra forsjá yfir henni.

Í *Hrd. 1988, bls. 512* breyttust aðstæður á þann hátt, að mál sóknaraðila L var ekki lengur til meðferðar hjá stefnda S, en dómkröfur L lutu einungis að því að S viki sæti. Í ljósi þessara breyttu aðstæðna þóttu lögvarðir hagsmunir L af því að fá dóm um kröfur sínar ekki lengur til staðar. Í *Hrd. 2000, bls. 2253 (221/2000)* var T ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá dóm Hæstaréttar um það hvort að rétt hefði verið að vísa frá héraðsdómi hluta af kröfum hennar, en málið hafði áður verið fellt niður vegna útivistar T. Aðstæðurnar breyttust á þann veg, að dómur Hæstaréttar um réttmæti þess að kröfum hennar var vísað frá dómi, hefði engin áhrif haft á réttarstöðu hennar, nú þegar að málið hafði verið fellt niður. Þessir tveir dómur eiga það sameiginlegt að breyttar aðstæður koma í veg fyrir það að dómur hefur áhrif á réttarstöðu aðila, enda er það hið þriðja skilyrði lögvarinna hagsmuna.

4.3 Geta lögvarðir hagsmunir sem liðið hafa undir lok raknað við?

Sú spurning vaknar nú, hvort að lögvarðir hagsmunir sem liðið hafa undir lok geti raknað við. Það verður að telja að slík tilvik gætu komið upp, til að mynda að í héraðsdómi hafi lögvarðir hagsmunir réttilega verið taldir liðnir undir lok en þeir rakni við eftir héraðsdóm og að lögvarðir hagsmunir séu taldir vera fyrir hendi í dómi Hæstaréttar. Þó svo að samkvæmt 1. mgr. 144. gr. eml. sé kærufrestur tvær vikur, þá geta atvik eftir kærú en áður en dómur fellur haft áhrif við mat á því hvort lögvarðir hagsmunir séu fyrir hendi. Í tengslum við *Hrd. 1999*,

bls. 379 (253/1998) sem reifaður er hér að er vel hægt að ímynda sér tilvik þó þau séu e.t.v. ekki líkleg, að hefði héraðsdómari komist að þeirri niðurstöðu að lögvarðir hagsmunir hefðu verið liðnir undir lok. Eftir dóm héraðsdóms en fyrir dóm Hæstaréttar hefði lögnum verið breytt á þann veg, að þeir gætu nú tekið við umsókn sóknaraðila. Þá verður að telja að Hæstiréttur myndi komast að þeirri niðurstöðu að lögvarðir hagsmunir væru nú fyrir hendi og að þeir hefðu raknað við, því nú gæti dómur samkvæmt kröfum sóknaraðila haft áhrif á réttarstöðu hans.

5 Niðurlag

Það var markmið þessarar ritgerðar að reyna að gera grein fyrir þeim skilyrðum sem almennt er hægt að miða við, til þess að lögvarðir hagsmunir teljist fyrir hendi. Þrjú skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að lögvarðir hagsmunir teljist vera fyrir hendi en skorti á eitthvað af þeim eða þau líði undir lok á einhverjum tímapunkti á meðan á máli stendur þá séu þeir ekki til staðar. Það grundvallarskilyrði réttarfars að aðili hafi lögvarða hagsmuni af dómi getur ekki talist annað en skynsamleg takmörkun á þeim mikilvæga rétti manna að fá að bera mál sín undir dómstóla.

Ef ekki væri gerð sú krafa að um væri að ræða raunverulegan ágreining um tiltekin raunveruleg og áþreifanleg réttindi eða skyldur þá yrðu dómstólar ekki lengur eingöngu vettvangur fyrir menn til þess að fá skorið úr raunverulegum réttarágreiningum heldur gætu menn þar fengið að óþörfu staðfest réttindi sín sem enginn ágreiningur lyti að. Dómstólar myndu þá í raun fara að gefa álit um ýmis lögfræðileg álitæfni án tengsla við áþreifanlegan raunveruleikann. Dómstólar ættu einungis að ákveða lögfræðilegar spurningar í tengslum við raunveruleg álitæfni er varða raunveruleg réttindi og skyldur manna.

Væri ekki gerð krafa um að tengsl aðila við ágreininginn væru sérstök en ekki almenn væri það á færi hvers og eins að höfða mál varðandi réttindi eða skyldur annarra. Aðilar sem hefðu engin sérstök tengsl eða beinan eða réttarlegan hag af úrlausn máls gætu fengið dóm sem myndu binda hendur þeirra sem hefðu slík tengsl og raunverulegra hagsmuna að gæta. Það er því skynsamlegt að það sé á forræði þeirra er hafa beinan og réttarlegan hag af úrlausn máls hvort þau fái bindandi dóm um slíkt. Annars gæti hver einasti ríkisborgari höfðað mál útaf hvaða ákvörðun framkvæmdarvaldsins sem er, þó svo að sú ákvörðun varðaði hann ekki sérstaklega. Allar ákvarðanir framkvæmdarvaldsins ættu þá í hættu að vera dregnar fyrir dóm til þess að fá þær felldar úr gildi, sama hversu mikil- eða lítilvægar þær í raun væru einungis vegna þess að einhver væri þeim ekki sammála. Ef samtökum væri veitt aðild að málum á

þeim grundvelli einum að þau létu sig varða einhverja sérstaka hagsmuni, sama hversu fámenn eða lengi þau hefðu verið til staðar. Þá er erfitt að skilja hvernig einstaklingi sem léti sig varða sömu hagsmuni yrði ekki veitt sama aðild.

Sú krafa að dómur hafi áhrif á réttarstöðu aðila er einnig skynsamleg í þeim skilningi að hafi dómur ekki slík áhrif þá hefur hann í raun enga raunverulega þýðingu fyrir aðila og þjónar því engum tilgangi. Annars væri hægt að koma með hvaða tilgangslausa mál fyrir dómstóla sem skipti engu máli fyrir réttarstöðu aðila. Það er ekki æskilegt að tíma og verðmætum sé sóað í úrlausn slíkra mála fyrir dómstólum ef það hefur á endanum enga raunverulega þýðingu fyrir stöðu manna að lögum.

Það er eðlilegt að þessi skilyrði þurfi að vera uppfyllt frá því að mál er höfðað og þar til dómur fellur, því ef þau falli brott undir gangi máls þá eiga við sömu viðhorf og ef þau hefðu ekki verið til staðar frá öndverðu. Þessi framangreindu skilyrði byggjast ekki á neinni lagaheimild heldur eru fyrst og fremst skynsamlegar takmarkanir á aðgengi manna að dómstólum sem byggjast á þessu matskennda grundvallarskilyrði réttarfars um lögvarða hagsmuni. Lögvarðir hagsmunir eru því í raun matskennd heimild sem fengin er dómstólum til að meta hvort þeir eigi að taka fyrir mál. Krafan um lögvarða hagsmuni er því mótuð í réttarframkvæmdinni og af dómstólum. Inntak kröfunnar um lögvarða hagsmuni getur því til að mynda verið önnur hjá dómstólum mismunandi landa allt eftir því hvernig þeir hafi ákveðið að haga þessu mati. Svo jafnvel þó að krafan um lögvarða hagsmuni sé til staðar í öðrum ríkjum, kann að vera að sú krafa sé metin á annan hátt. Það er nauðsynlegt að dómstólar hafi slíka matskennda heimild til þess að meta hvort kröfunar sem bornar eru fyrir þá eigi skilið að hljóta efnisúrlausn dómsins og þeirrar dómverndar sem því kann að fylgja. Væru þessar takmarkanir ekki til staðar væri vettvangur dómstóla talsvert annar en hann er í dag. Auk þess myndu línurnar sem dregnar eru í stjórnarskránni um þrískiptingu ríkisvaldsins verða enn óskýrari en þær eru nú.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Bernhard Gomhard og Michael Kistrup: *Civilprocessen*. 6. útgáfa. Kaupmannahöfn 2007.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Reykjavík 2008.

Charles Alan Wright: *Law of federal courts*. 3. útgáfa. St.Paul 1976.

Einar Arnórsson: *Dómstólar og réttarfar á Íslandi*. Reykjavík 1911.

Einar Arnórsson og Theodór B. Líndal: *Réttarfar II.hefti. Meginreglur um meðferð einkamála*. Reykjavík 1969.

Eiríkur Tómasson: *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu*. Reykjavík 1999.

Einar Karl Hallvarðsson: „Hvernig er þetta með ríkið?“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2005, bls. 495-525.

Hans M. Michelsen: *Sivilprosess*. Þrándheimur 1999.

Inge Lorange Backer: *Rettslig interesse for søksmål, skjønn og klage, særlig ved naturinngrep*. Osló 1984.

Inge Lorange Backer: „The norwegian reform of civil procedure“ *Scandinavian studies in law volume 51. Procedural law. Court administrations*. Ritstj. Peter Wahlgren. Stokkhólmur 2007, bls. 41-75.

Íslensk orðabók handa skólum og almenningi. Ritstj. Árni Böðvarsson. Reykjavík 1983.

Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*. Reykjavík 2005.

Lögfræðiorðabók með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*. 2. útgáfa. Reykjavík 2003.

Ólafur Jóhannesson: *Stjórnarfarsréttur. Almennur hluti*. Reykjavík 1955.

Ronald D. Rotunda: *Modern constitutional law. Cases and notes*. 5. útgáfa. St.Paul 1997.

Stephan Hurwitz: *Om begrebet „retlig interesse“ i procesretten*. Kaupmannahöfn 1941.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1948, bls. 66
Hrd. 1971, bls. 62
Hrd. 1976, bls. 839
Hrd. 1980, bls. 1654
Hrd. 1987, bls. 658
Hrd. 1988, bls. 512
Hrd. 1990, bls. 1061
Hrd. 1992, bls. 126
Hrd. 1994, bls. 2640
Hrd. 1995, bls. 196
Hrd. 1995, bls. 2026
Hrd. 1997, bls. 488
Hrd. 1997, bls. 1023
Hrd. 1999, bls. 379 (253/1998)
Hrd. 1999, bls. 1073 (90/1999)
Hrd. 1999, bls. 3090 (255/1999)
Hrd. 2000, bls. 2253 (221/2000)
Hrd. 2001, bls. 2281 (173/2001)
Hrd. 2001, bls. 2828 (296/2001)
Hrd. 2001, bls. 2865 (317/2001)
Hrd. 2001, bls. 2901 (117/2001)
Hrd. 2001, bls. 3962 (417/2001)
Hrd. 2002, bls. 1168 (116/2002)
Hrd. 2002, bls. 2241 (231/2002)
Hrd. 2002, bls. 1564 (185/2002)
Hrd. 2003, bls. 1633 (116/2003)
Hrd. 2004, bls. 2509 (171/2004)
Hrd. 2004, bls. 4285 (422/2004)
Hrd. 2005, bls. 2910 (334/2005)
Hrd. 2005, bls. 4599 (459/2005)
Hrd. 2005, bls. 4807 (256/2005)
Hrd. 2006, bls. 3375 (379/2006)
Hrd. 31. október 2007 (554/2007)
Hrd. 6. febrúar 2009 (15/2009)
Hrd. 8. júlí 2009 (368/2009)
Hrd. 9. janúar 2010 (711/2009)
Hrd. 14. október 2010 (779/2009)

Dómar Hæstaréttar Noregs:

Rt. 1980, bls. 569

Dómar Hæstaréttar Bandaríkjanna:

DeFunis v. Odegaard, 416 U.S. 312 (1974)
Warth v. Seldin, 422 U. S. 490 (1975)
Allen v. Wright, 468 U.S. 737 (1984)
DaimlerChrysler Corp. v. Cuno, 547 U.S. 332 (2006)